

Elín Þórðardóttir



Ég býð mig fram til stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins til næstu þriggja ára.

Ég hef mörg undanfarin ár haft mikinn áhuga á lífeyrismálum og jafnframt yfirgripsmikla þekkingu á fjármálum. Ég vil gæta hagsmuna sjóðfélaga með því að ávaxta fjármuni með tilliti til áhættu og hafa hagsmuni sjóðfélaga ávalt að leiðarljósi. Frá árinu 2009 hef ég verið stjórnarmaður í Frjálsa lífeyrissjóðnum, setið í endurskoðunarnefnd Frjálsa lífeyrissjóðsins frá árinu 2014 og formaður nefndarinnar síðastliðin fimm ár.

Ég útskrifaðist sem rekstrarhagfræðingur frá háskólanum í Álaborg árið 1987 og hlaut mastergráðu (Cand Merc) frá sama skóla árið 1989. Ég útskrifaðist sem stúdent frá Menntaskólaum í Reykjavík.

Ég er fjármálastjóri Árvakurs og hef verið það frá árinu 2016. Ég starfaði við breytingastjórnun í 14 ár í ýmsum fyrirtækjum ýmist sem ráðgjafi, framkvæmdastjóri, forstjóri eða stjórnarformaður. Meðal fyrirtækja sem ég starfaði fyrir voru Húsasmiðjan, Opin kerfi group, Á árunum 1997-2002 var ég framkvæmdarstjóri fjármála- og rekstrarsviðs Íslenskar erfðagreiningar. Ég hef ennfremur setið í ýmsum stjórnnum undanfarin ár og hef yfir 30 ára reynslu sem stjórnandi.